

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 15. júlí 2024
2002459/700.00 KA

Niðurstaða: Uppsetning og rekstur hleðslustöðva fyrir rafbíla í Kópavogi

Tilboð í ofanefnt verk voru opnuð þann 4.7.2024. Þrír aðilar sendu inn tilboð áður en skilafrestur rann út, sbr. töflu hér að neðan.

Um er að ræða útboð á sérleyfissamningi í skilningi 23. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup og 5. tölul. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 950/2017 um sérleyfissamninga þar sem Kópavogsbær veitir sérleyfi til ótengds aðila til þess að sinna þjónustu í tengslum við almannahagsmuni.

Þjónustan felst í að útvega, setja upp, tengja og ganga að fullu frá, ásamt því að reka hleðslustöðvar fyrir rafbíla á bílastæðum á bæjarlandi í öllum hverfum bæjarins. Um er að ræða 14 staðsetningar með samtals 49 hleðslustöðvar fyrir 98 stæði.

Kópavogsbær sem sérleyfisveitandi er eigandi stæða og sér um almennt viðhald eins og í öðru bæjarlandi s.s. snjómokstur o.þ.h. Sérleyfishafi hefur hins vegar umráðarétt yfir þeim stæðum sem komnar eru hleðslustöðvar við. Sérleyfishafi er eigandi hleðslustöðva og eignarhald þeirra færist ekki yfir til sérleyfisveitanda

Niðurstöður útboðs eru settar fram í eftirfarandi töflu:

Nafn bjóðanda	Heildartilboðsfjárhæð fyrir 12 mánuði
Orka náttúrunnar ohf.	3.052.896,-
Orkusalan ehf.	2.562.504,-
Ísorka ehf.	2.276.638,-

Yfirferð tilboða leiddi í ljós að hæstbjóðandi Orka Náttúrunnar ohf. uppfyllir allar lágmarkskröfur útboðs.

Með vísan í ofangreint er lagt til að gengið verði til samninga við Orku Náttúrunnar ohf.

Virðingarfyllt,

Katrín Arnórsdóttir
Verkefnastjóri

